

Nr. 573

7. júlí 2010

AUGLÝSING um óverulegar breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi óverulegar breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Arnarness - Akra, Stórakur 7.

Deiliskipulagsbreytingin nær til lóðarinnar Stórakurs númer 7 og gerir ráð fyrir því að í grein 1.1.3. í deiliskipulagsskilmálum heimili byggingarnefnd og eftir atvikum byggingarfulltrúa að hækka kóta hússins um 90 sm í stað 30 sm. Breytingin hefur ekki áhrif á leyfilega hámarkshæð húss sem miðast við kóta fyrir breytingu.

Deiliskipulag Flata, Lindarflöt 13.

Deiliskipulagsbreytingin varðar lóð nr. 13 við Lindarflöt og gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits vegna fyrirhugaðra breytinga á húsinu. Miðað er við byggingarreit eins og hann er í tillögu að endurskoðuðu skipulagi Flata.

Deiliskipulag Hraunsholts eystra, Túnfit 3.

Breytingin varðar lóð nr. 3 við Túnfit og felur í sér að byggingarreitur stækkar um 0,5 m í átt að bílastæði til að stækka bílageymslu.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 7. júlí 2010.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2010